

Stjórnarfundur foreldrafélagsins 24. jan. 2018

Mætt:

- Fjóla
- Stéphane
- Signý
- Björg

Foreldrarölt

Foreldraröltið farið í gang – er í augnablikinu í höndum 9. bekkjar.

Þarfnast samt sífelldrar ítrekunar. Það þarf að senda aftur út yfirlýsingar um mikilvægi þess að halda þessu gangandi, t.d. minna á samstarf við lögregluna.

ATH: Muna strax í haust að það er mikilvægt að foreldrafélagið vinni nánar með skólanum í upphafi skólaárs, t.d. að mæta á kynningar í bekkjum o.s.frv. til að kynna starfið, fá foreldra almennt í lið með okkur og t.d. að minna á foreldrarölt.

Stéphane ætlar að hafa samband við foreldrafélag Kópavogsskóla um þeirra rölt; hvert þau fara og hvernig gengur að manna.

Staðan á reikningnum

Rúm 600 þús. Innheimta gengur ágætlega – 175 hafa greitt - útistandandi eru 204.

Foreldrafélaginu hefur borist beiðni um styrk v. rútuferða á Reyki. Félagið mun greiða um 1200 á nem.

Framundan er styrkur v. Lauga, styrkur til útskriftarnema, vorhátíð og 10 bekkir hafa fengið bekkjarstyrki.

Auglýsing vegna öskudags

Foreldrafélaginu hefur borist beiðni um að taka þátt í auglýsingu bæjarins vegna öskudags. Félagið greiðir 9.000 kr.

Fleira var ekki á dagskrá.
Fundi slitið.